



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Þegar morgunstjörnurnar sungu saman
gleðisöng og allir synir Guðs fögnuðu**

Englar í Gamla testamentinu og Gyðingdómi

Ritgerð til B.A.-prófs

Ásgerður Höskuldsdóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Guðfræði og trúarbragðafræðideild

Þegar morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng og allir synir Guðs fögnuðu

Englar í Gamla testamentinu og Gyðingdómi

Ritgerð til B.A.-prófs

Ásgerður Höskuldsdóttir

Kt.: 061087-2499

Leiðbeinandi: Gunnlaugur A. Jónsson

Maí 2011

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Himneskar verur	6
3. Kerúbar og Serafar	11
4. Saga englafræðinnar í Gamla testamentinu	16
5. Heilög þrenning, draumar og synir Guðs.....	20
6. Gyðingdómur um engla.....	25
7. Lokaorð	29
Heimildaskrá	33

1. Inngangur



*Vertu yfir og allt um kring
með eilífri blessun þinni.
Sitji Guðs englar saman í hring
sænginni yfir minni.²*

Englar eru í hugum flestra sem himneskar verur með fallega, hvíta, stóra vængi og glitrandi geislabaug yfir höfði sér; dásamlega falleg mynd. Börn sem alast upp í Guðstrú öðlast þá sýn að þegar ástvinir þeirra deyja, fari þeir til Guðs í himnaríki og haldi verndarhendi yfir sínum nánustu á jörðinni. Þannig á hver og einn langömmu sína eða langafa sem sinn verndarengil. Mikið er það nú góð tilhugsun.

Í nútíma menningu, listum og bókmenntum sjáum við engla sem ljósar

¹ Frank Cadogan Cowper. 19.öld. *Saint Francis of Assisi*.

² Sálmur 465 í Sálmaþókinni. Sigurður Jónsson.

verur, með vængi og geislabaug. Þessi mynd okkar af englum kom fyrst fram á 5. öld eftir Krist. Þá voru englar í kristnum listaverkum sýndir með vængi. Vængirnir eru sagðir tákna það að englarnir eru fljótir að framkvæma vilja Guðs.³ Frá 15.öld urðu englar töluvert kvenlegri í myndlist en einnig komu þeir fyrir sem nakin og þybbin börn. Sá engill, hinn barnslegi, er tákn sakleysis og hreinleika. Þessi mynd engla var síðan blönduð saman við gamlar goðsagnir Grikkja og Rómverja. Engill ástarinnar varð þá til, Amor með bogann sinn og örvar.⁴

Englar eru himneskir sendiboðar og þjónar Guðs og standa við hliðina á honum. Guð er „skapari himins og jarðar“ eins og segir í postullegu trúarjátningunni og Níkeujátningin bætir við: „Alls hins sýnilega og ósýnilega.“ Þannig er ítrekað, að aðeins er til einn Guð og allt annað er skapað.⁵ Má þá, samkvæmt trú Ísraelsmanna, ekki tilbiðja engla? Ef allt er skapað af Guði, eru englarnir þar með taldir? Hver er sagan á bak við sköpun englanna?

Englar birtast í ýmsum myndum og hlutverkum. Englar eru himneskar verur, þeir eru mennskir í útliti en þeir flestu í Gamla testamentinu hafa enga vængi.⁶ Þeim er lýst með dásamlegri fegurð, góðvild og að þeir viti allt sem gerist á jörðu. Þeir hafa frjálsan vilja og geta syndgað og þar af leiðandi fallið. ⁷ Þrátt fyrir mennskt útlit er það himneskt eðli þeirra sem fær menn til að sýna þeim mikla virðingu, jafnvel blandinni ótta. En ætli hið himneska sé alltaf sýnilegt í fari englanna?

Oft birtist engill Jahveh eins og Jahveh sjálfur sé að tala. Jahveh virðist þá tala í gegnum engilinn. Engill Jahveh notar nokkrum sinnum formúlu líkt og spámennirnir: „Svo segir Jahveh“ eða „Svo hefur Jahveh sagt.“⁸ Það sýnir vel það sendiboðahlutverk sem englarnir gegna.

Í fyrstu Mósebók, eru það hinir svokölluðu kerúbar sem gæta Edengarðsins eftir að Evu og Adam var vísað þaðan á brott. Kerúbar og Serafar eru ákveðnar

³ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S. 38.

⁴ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S. 25.

⁵ Einar Sigurbjörnsson. 1993. S.61.

⁶ Buttrick o.a. 1962(1). S.130.

⁷ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.17.

⁸ Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991.S.44.

tegundir engla. Þeir hafa, ólíkt öðrum englum Gamla testamentisins, vængi og standa mjög nálægt Guði. Kerúbar eru með tvo vængi en Serafar sex.⁹ Serafar eru eins og aðrir englar, sendiboðar Guðs en eru einnig oft taldir englar dauðans, eða Satan og Yetzer ha-Ra sem kemur þó ekki fyrir í Gamla testamentinu. Yetzer ha-Ra er hið illa sem öllum mönnum er meðfætt.¹⁰ Er þá falin tvíræðni í eðli engla, hið illa og hið góða? Og hvernig má það vera?

Við lestur Gamla testamentisins má sjá þróun í englafræðum Ísraelsmanna. Skilningur Ísraelsmanna fyrir og á konungatímanum var sá, að Guð einn sé almáttugur en með honum séu synir Guðs, englarnir og hin himneska hirð Jahveh. Sú skoðun er ríkjandi að þar sem Jahveh sé konungur, þá hljóti að fylgja honum einhver hirð.¹¹ Breyttist sá hugsanarháttur eftir herleiðingu í Babýlon?

Englafræði Ísraels þróaðist í og eftir herleiðinguna í Babýlon. Englar fengu þá nöfn en aðeins tvö þeirra er að finna í ritningunni, Gabríel og Mikael. Í babýlónsku herleiðingunni var það Mikael sem átti hug og hjörtu Ísraels. Eftir herleiðingu var farið að líta á hina himnesku hirð Jahveh sem háþróaða kenningu um engla. Englar eru skipaðir af Guði til að þjóna honum og varðveita mannkynið. Á þessum tíma var farið að flokka englana og nýir englar með ákveðin hlutverk litu dagsins ljós.¹² Það væri gaman að vita meira um þessa engla og þá sérstaklega hverjir Mikael og Gabríel voru.

Englar leika stórt hlutverk í fyrstu Mósebók. Þeir komu til Abrahams og Söru og boðuðu þungun hennar. Jakob dreymdi draum þar sem englar Guðs komu til hans með stiga frá himnum og færðu honum skilaboð. Fyrsta Mósebók er því afar forvitnileg þegar kemur að því að fræðast um hlutverk engla í Gamla testamentinu. En hvernig ætli englar hafi birst og hvaða hlutverki hafa þeir þjónað í þessu riti?

Hin himneska hirð Jahveh er athyglisverð. Áhugavert er að leita að skilningi á henni í Jobsbók, en þar er talað um hina himnesku hirð sem syni Guðs. Í Jobsbók

⁹ Buttrick o.a. 1962(1). S.131.

¹⁰ Margolies. 1994. S.18.

¹¹ Ringgren. 1969. S.95.

¹² Ringgren. 1969. S.311.

er rifjað upp á afar fallegan máta hvernig englarnir, synir Guðs, voru viðstaddir sköpun heimsins: „Þegar morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng og synir Guðs fögnuðu”(Job 38.7). Þessir himnesku, nafnlausu andar leika stórt hlutverk í frásögninni um Job.

Það er mjög sterkt í Gyðingdómnum að ekki megi tilbiðja neinn nema Guð. Gyðingar beina bænum sínum því aldrei til englanna. Öðru hverju hafa englar þó verið beðnir um að koma skilaboðum áleiðis til Guðs. Slíkar bænir er að finna í bænabók Gyðinga, Siddur. Englatrú blómstraði á miðöldum og var það engillinn Sandalfon sem einkenndi miðaldaritlist Gyðinga.¹³ Englar eiga sinn stað í gyðinglegri hefð þó ekki megi tilbiðja þá. Það er vel þess virði að öðlast betri skilning á því hvernig Gyðingdómur lítur á englana sem skipa svo stórt hlutverk í þeirra heilögu ritningu.

Englar eru áhugavert umfjöllunarefni. Það hafa allir sína mynd af englum og þeir finnast í fleiri trúarbrögðum en Gyðingdómi og kristni. Englar koma meira en þrjúhundruð sinnum fyrir í Biblíunni samkvæmt Karli Sigurbjörnssyni í bók hans um englana. Hann tekur einnig fram að þeir komi meira en helmingi oftast fyrir í Nýja testamentinu en í Gamla testamentinu.¹⁴ Þrátt fyrir það ákvað ég að taka fyrir engla í Gamla testamentinu. Að mínu mati er Gamla testamentið eitt fallegasta bókmenntaverk sem til er og það er í miklu uppáhaldi hjá mér innan guðfræðinnar. Englar hafa einnig lengi verið hugðarefni mitt, bæði eðli þeirra og saga. Þegar ég fór að kanna engla í Gamla testamentinu kom það mér á óvart hvað þeir koma fyrir á skemmtilegan og fjölbreytilegan hátt.

Efnið er vissulega yfirgripsmikið. Markmið ritgerðarinnar er ekki ritskýring, heldur að huga að nokkrum áhugaverðum einkennum englanna í Gamla testamentinu og skoða þróun þeirra innan þess. Einnig verður komið inn á trúarsögu Hebraea og guðfræði Gamla testamentisins sem tengjast englum þar sem byggð er brú yfir til Gyðingdóms.

¹³ Margolies. 1994. S.223.

¹⁴ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.13.

2. Himneskar verur



15

Englar eru tákn, tákn fyrir hinn ósýnilega Guð.¹⁶ Þeir eru himneskar verur en þeir eru mennskir í útliti og höfðu upprunalega enga vængi. Í Gamla testamentinu er oft talað um þá sem menn, eins og í frásögninni um Sódómu í 1 Mós.19. Þar hafa þeir mennskar þarfir; þeir þurfa t.d. hvíld og næringu. Íbúar Sódómu spjalla sín á milli um englana sem „mennina sem komu til Lots”(1 Mós 19.5). Það er heldur ekki alltaf ljóst hvort um menn eða engla sé að ræða. Þegar Abraham fékk til sín gesti hafði hann ekki hugmynd um að þeir væru í raun englar (1Mós 18). Englarnir nærast á fæðu sem þeir kalla *manna* eins og fram kemur í Sálmi 78:

¹⁵ Isidoro Bianchi. 1645. *Gloria d'angeli*. Campione d'Italia á Ítalíu í kapellunni Sankti Maria dei Ghirli.

¹⁶ Ryken o.a. 1998. S.23.

*Lét manna rigna yfir þá til matar
og gaf þeim himnakorn,
englabrauð fengu menn að eta,
hann sendi þeim fæðu og þeir urðu mettir.* (Sálm 78.24-25)

Englunum er lýst með dásamlegri fegurð og góðvild. Þeir fylgjast með öllu því sem gerist á jörðu og vita allt um mennina.¹⁷ Innan hins mennska útlits englanna eru þeir heilagir, himneskir þjónar Drottins. Þegar mennirnir eru meðvitaðir um eðli englanna sýna þeir englunum mikla virðingu sem oft er blönduð ótta.¹⁸ James L. Kugel vísar í nýrri bók sinni *In the Valley of the Shadow* í þessa blendnu tilfinningu manna þegar þeir mæta englum. Einstaklingur getur átt í löngum samtölum við engil án þess að vera meðvitaður um eðli hans til að byrja með. En alveg óvænt snarbreytist hegðun einstaklingsins þegar hann gerir sér grein fyrir því að hann stendur augliti til auglitis við engil Drottins. Þá fellur hann oftast á kné í virðingarskyni. Kugel bendir á gott dæmi um þetta í Jósúabók 5.13-15 þegar Jósúa mætir engli vopnuðum sverði, hershöfðingja Drottins.¹⁹ Fyrst hélt Jósúa að engillinn væri hermaður og hugsanlega einn fjandmanna Ísraels. En þegar engillinn tjáði honum að hann væri hershöfðingi Drottins, féll Jósúa á kné á meðan engillinn gaf honum skilaboð frá Drottni.

Engillinn er andavera, sköpuð af Guði en líkami hans er ekki jarðneskur eins og líkami mannanna. Englarnir lifa í návist Guðs, augliti til auglitis við hann.²⁰ „Á drottinsdag í upphafi heims voru englar skapaðir, er æðstir voru allrar Guðs skeppnu í eðli sínu.”²¹ segir í frásögn íslensku *Hómilíubókarinnar* um upprisu Drottins. Englarnir voru svo sannarlega skapaðir af Guði; þeir voru hans fyrsta sköpun og standa við hlið hans. Einar Sigurbjörnsson minnir okkur á það í trúfræðiriti sínu *Credo* að í postullegu trúarjátningunni segir að Guð faðir almáttugur sé „skapari himins og jarðar.” Einar bendir auk þess á að í

¹⁷ Buttrick o.a. 1962(1). S.129.

¹⁸ Buttrick o.a. 1962(1). S.129.

¹⁹ Kugel. 2011. S.116.

²⁰ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.14.

²¹ Hómilíubók. S.107.

Nikeujátningunni er sagt að Guð sé skapari „alls hins sýnilega og ósýnilega.” Englar eru þar með taldir. Þrátt fyrir að vera himneskir sendiboðar Drottins má ekki gleyma því að þeir eru sköpun hans. „Enginn er Guð nema einn og allt annað er skapað” segir Einar.²²

„Hver er sagan á bak við sköpun englanna?” var spurt hér að framan. Gamla testamentið segir okkur ekki nákvæmlega frá sköpun englanna en víða er minnst á þá við upphaf heimsins. Jobsbók kemur inn á það og segir okkur að í upphafi, þegar heimurinn, mennirnir og allt annað var skapað, „þegar morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng, og allir synir Guðs fögnuðu”(Job 38.7). Englarnir, synir Guðs, voru því greinilega viðstaddir þegar Guð skapaði allt í byrjun. Þeir hafa verið fyrsta sköpunin.²³

Hugtakið *malak* er hebreska heitið yfir engil. Bein þýðing á hugtakinu er „að senda með skilaboð sem munu berast.”: eða einfaldlega „sendiboði.” Englar hafa einmitt það hlutverk að vera sendiboðar Guðs. Í Gamla testamentinu eru þeir ýmist sendiboðar eða fulltrúar Guðs.²⁴ Þá er oft talað um *malak yhwh* eða engil *Jahveh*. Hugmyndin um engil Jahveh getur verið torskilin og margslungin. Hér getur bæði verið átt við ákveðna mynd Jahveh sem birtist mönnum sem tvöföld vera eða sjálfstæð vera tengd Jahveh sem þó er alveg aðskilin honum. Elstu frásögnina um engil Jahveh er að finna í 1 Mós 48.16 um blessun Jakobs yfir sonum Jósefs: „sá engill, sem hefur bjargað mér frá öllu illu, megí hann blessa drengina.”²⁵

Engill Drottins virðist vera mennskur sendiboði Drottins; en hann er langt frá því að vera mennskur. Engill Drottins er himnesk vera sem stendur við hlið Drottins eins og allir englarnir í Gamla testamentinu.²⁶ Þegar sagt er frá engli Drottins er oft eins og Drottinn sjálfur sé til staðar í gegnum engilinn. Engillinn

²² Einar Sigurbjörnsson. 1993. S.61.

²³ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.35.

²⁴ Jacob. 1958. S. 75.

²⁵ Jacob. 1958. S.75.

²⁶ Van Gemeren. 1996(2). S.942.

birtist og svo er eins og Jahveh sjálfur tali í gegnum hann.²⁷ Gott dæmi um þetta er að finna í 2.Mósebók um köllun Móse:

Þá birtist honum engill Guðs í eldsloga sem stóð upp af þyrnirunna. Hann sá að runninn stóð í ljósum logum en brann ekki. Móses hugsaði: „Ég verð að ganga nær og virða fyrir mér þessa mikilfenglegu sýn. Hvers vegna brennur runninn ekki?“ Þegar Drottinn sá að hann gekk nær til að virða þetta fyrir sér kallaði Guð til hans úr miðjum runnanum og sagði: „Móse, Móse.“ Hann svaraði: „Hér er ég.“(2 Mós3.2-4)

Fyrst er það engill Jahveh sem mætir Móse í logandi þyrnirunna en þegar Móse ætlar að virða eldinn fyrir sér er það Guð sjálfur sem ákallar hann. Þegar um engil Jahveh er að ræða notast hann oft við formúlu líkt og spámennirnir: „Svo segir Drottinn“ eða „Svo hefur Drottinn sagt.“ Gott dæmi um þetta er að finna í 1 Mós 22.14-15²⁸:

Engill Drottins kallaði öðru sinni til Abrahams af himni og mælti: „Ég sver við sjálfan mig, segir Drottinn: Af því að þú gerðir þetta og synjaðir mér ekki um einkason þinn.“

Eins og sést á þessari frásögn kemur bein ræða í framhaldi af tilkynningunni í fyrstu persónu eins og Drottinn sjálfur sé að tala. Mörg dæmi um slíkar englafrásagnir er að finna í Gamla testamentinu. Það er eins og englarnir breytist hreinlega í Drottin á einu augnabliki. En engill Drottins getur einnig talað fyrir hann, sjálfstætt. Þá segir hann frá vilja Guðs án þess að það líti út fyrir að Guð sjálfur tali í gegnum engilinn.²⁹

Að sjá engil Drottins er því í raun eins og að sjá Drottin sjálfan. Þetta er mjög skiljanlegt þar sem því er haldið fram í ritningunni að enginn hafi séð Guð og lifað af (2Mós 33.20). Það hlýtur því að vera að þeir sem sagðir eru hafa séð Drottin hafi í raun og veru séð sendiboða hans, engil Drottins. En samt sem áður er það Guð

²⁷ Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991. S.43.

²⁸ Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991. S.43

²⁹ Jacob. 1958. S.76.

sjálfur sem talar við þá einstaklinga líkt og hann talaði við Móse. Það virðist þá vera sem hann tali í gegnum engil Drottins.³⁰ En eins og svo oft kemur fram í Gamla testamentinu virðast þeir sem hafa mætt engli Drottins geta sagt að þeir hafi virt Drottin sjálfan augliti til auglitis.³¹

Hlutverk engils Drottins er fyrst og fremst að boða og hjálpa. En engillinn getur einnig séð fyrir eyðileggingu og refsingar. Sú er raunin í síðari Samúelsbók (2Sam 24.16). Engillinn réttir út hönd sína til að eyða Ísrael í refsingarskyni fyrir glæpi Davíðs. Margir láta lífið í þessum gjörðum engilsins. Þegar Davíð gerir sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna skipar Drottinn engli sínum að hætta.³²

Engill Drottins kemur alltaf í ákveðnum erindagjörðum. Þegar hann mætir mönnum sverði búinn er hann að vara þá við. Auk þess hjálpar hann, huggar og boðar mönnum gott eða illt. Hann boðar fæðingar stórmenna, ættfeðra og leiðtoga og leggur fyrir menn ýmis verkefni; allt beint frá Jahveh sjálfum.³³ Engill Jahveh er aðeins til fyrir Jahveh. Hann er aðeins til staðar til að sinna boðum frá Jahveh.³⁴

³⁰ Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991. S.43.

³¹ Jacob. 1958. S.76.

³² Jenni o.a. 1997. S.670.

³³ Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991. S.44.

³⁴ Jacob. 1958. S.77.

3. Kerúbar og Serafar



35

*Þig lofar allra engla kór,
uppheima sveitin björt og stór,
þig lofa kerúbar og serafar.*

Heilagur, heilagur, heilagur ert þú hæst í hæð.³⁶

Í fyrstu Mósebók er fjallað um Evu og Adam í friðsama Edengarðinum. Þegar þau syndga reiðist Guð og vísar þeim úr hinum fagra garði. Þá skipar hann hinum svokölluðu kerúbum að gæta garðsins. Það eru tvær tegundir engla í Gamla testamentinu sem eru frábrugðnir öðrum bæði í hlutverkum og útliti. Þeir eru ekki anþrúpómorfískir eins og engill Jahveh og synir Guðs, heldur mixomorfískir; Þeir

³⁵ Íkoni úr Rússneskri rétttrúnaðarkirkju. 16.öld.

³⁶ Sálmur 238. í Sálmaþókinni. Sigurbjörn Einarsson.

hafa bæði mannlega og dýrslega eiginleika, eins og vængi, fætur o.fl. Þetta eru hinir tignarlegu *kerúbar* og *serafar*.³⁷

Þegar Salómon reisti musterið sitt stillti hann þar upp gríðarmiklum líkneskum af kerúbum. Í þeirri frásögn fyrri Konungabókar er þessum englum lýst með tveimur vængjum. Móse fékk einnig tilskipun frá Guði um að gera tvo kerúba úr gulli og setja þá sitt hvoru megin á lok arkarinnar sem geymdi hin tíu heilögu boðorð. Kerúbar standa mjög nálægt Drottni og eiga í nánú sambandi við hann.³⁸ Kerúbar eru verndarar og standa auk Paradísar vörð um hásæti Drottins. Þeir gæta heilagleikans. Kerúbar eru fullir af visku og speki. Í Esekíel 1.4-28 eru góðar og miklar lýsingar á Kerúbum. Þar koma fram hinar fjóru táknmyndir kerúbanna: maðurinn, nautið, örninn og ljónið. Kerúbar höfðu þar mannsandlit að framan, ljónsandlit hægra megin, nautsandlit vinstra megin og arnarandlit að aftan. Þeir voru með fjóra uppþanda vængi sem voru tengdir saman.³⁹

Kerúbar hafa oft verið taldir tákn fyrir vinda og storma. Í fyrsta kafla Esekíelbókar er hljóðinu sem kemur frá vængjum þeirra lýst sem þrumum og að þrumur myndist á milli vængja þeirra þegar þeir fljúga. Þetta kemur einnig sterkt fram í fyrstu Mósebók þegar Kerúbarnir eru settir af Jahveh til að gæta Edengarðsins. Hið „sveipaða sverð“ eru þá líklega vængir Kerúbanna⁴⁰:

*Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Eden og loga
hins sveipanda sverðs til þess að gæta vegarins að lífsins tré.(1Mós 3.24)*

Þessi eiginleiki Kerúbanna sést einnig glögglega í sálmi 18. Þar er nokkur ævintýrablær yfir frásögn þeirra. Í þessum sálmi lýsir Davíð því hvernig Drottinn bjargaði honum úr greipum fjandmanna sinna:

*Hann sveigði himininn, steig ofan
og skýsorti var undir fótum hans.*

³⁷ Buttrick o.a. 1962(1). S.131.

³⁸ Buttrick o.a. 1962(1). S.131.

³⁹ Buttrick o.a. 1962(1). S.131.

⁴⁰ Eichrodt. 1972. S.204.

*Hann steig á bak kerúb og flaug af stað,
sveif á vængjum vindsins.
Hann sveipaði sig myrkri,
regnskýjum og skýsorta eins og tjaldi.(Sálm 18.10-12)*

Vindarnir, stormurinn, þrumurnar og eldingarnar sem fylgja Kerúbunum eru mjög táknrænar í ljósi þess að þeir eru verndarar Jahveh á himninum. En þetta gerir þá einnig dularfulla og framandi sem eru eiginleikar Guðs og verður til þess að mennirnir eru ekki á sama plani og himnesku verurnar. Það er margt sem þeir hvorki vita né skilja og þannig á það að vera.⁴¹

Serafar eru eins og aðrir englar, sendiboðar Guðs. Þeir eru æðstir allra engla og standa allranæst háseti Drottins. Þeir koma aðeins fyrir í Jesaja en þar eru þeir með sex vængi: Með tveimur vængjum huldu þeir ásjónur sínar, með tveimur huldu þeir fætur sína og með tveimur flugu þeir. Helsta hlutverk serafanna er lofgjörðin frammi fyrir augliti Drottins. Þeir fara með fagra línu í Jesaja 6.3: „Heilagur, heilagur, heilagur er Drottinn allsherjar, öll jörðin er full af hans dýrð.“⁴² Serafar eru afar raddsterkir og lofa Guð í sífellu.⁴³ Karl Sigurbjörnsson skrifar: „Söngur þeirra er söngur sköpunarinnar, fagnaðarsöngur kærleikans, hins tæra og fölskvalausa, brennandi kærleika sem laðar fram líf og tilveru.“⁴⁴ Sjötti kafli Jesajabókar er eini staðurinn þar sem er minnst beint á serafa. Bein þýðing á hebreska hugtakinu serafa, *seraf*, er sögnin að brenna eða nafnorðið eiturnaðra sem síðan er sem sagnorð í fleirtölu *serafim* og þýðir þá vængjaðar, yfirskilvitlegar verur.⁴⁵

Serafar eru oft í Gyðingdómi taldir vera englar dauðans, Satan, Samael og Yetzer ha-Ra sem er hið meðfætta illa í öllum mönnum. Morris B. Margolies, gyðinglegur rabbíni, kemur með afar áhugaverða tengingu þess í bók sinni A

⁴¹ Eichrodt. 1972. S.205.

⁴² Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.46.

⁴³ Buttrick o.a. 1962(1). S.131.

⁴⁴ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.46.

⁴⁵ Buttrick o.a. 1962(1). S.131.

Gathering of Angels: Angels in the Jewish Life and Literature. Þar segir hann frá því að honum hafi sem barni verið kennt að börn væru saklaus eins og Edengarðurinn í upphafi og bæru því ekki ábyrgð á eigin gjörðum. En á þrettánda ári, eftir barmitzvah sem gerir börn að fullorðnum einstaklingum samkvæmt gyðinglegum skilningi, myndu allar syndir þeirra skapa djöfullega veru sem síðan myndi ofsækja þau. Þessar djöfullegu verur eru serafar. Hinir hræðilegu serafar væru þeirra eigin sköpun sem myndi eitra líf þeirra. En aftur á móti myndu góðverk þeirra skapa verndarengla sem bæru þau á vængjum sínum í gegnum erfiða tíma. Því fleiri góð verk, þeim mun fleiri verndarenglar.⁴⁶

Þar sem serafar geta verið illir í hinum gyðinglega skilningi, er þá greinilega falin tvíræðni í eðli engla. Þetta er eðlilegt þar sem Jahveh sjálfur boðar víða tvíhyggju í ritningunni. Englarnir hafa frjálsan vilja, þeir geta syndgað og þar af leiðandi fallið. Spámaðurinn Jesaja kemur inn á þá staðreynd:⁴⁷

*Nú ertu fallinn af himni,
ljósberi, sonur morgunroðans.
Nú ert þú að velli lagður,
sigurvegari þjóðríkja.
Þú sagðir við sjálfan þig:
„Ég skal stíga upp til himins,
ofar stjörnum Guðs,
þar skal ég reisa háseti mitt.
Á þingfjalli guðanna tek ég mér sæti,
yst í norðri.
Ég skal stíga ofar hæstu skýjum,
líkjast Hinum hæsta.“
En þér var varpað niður til heljar,
í hina dýpstu gryfju. (Jesaja 14.12-15)*

⁴⁶ Margolies. 1994. S.19.

⁴⁷ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.17.

Meira er ekki fjallað um fall englanna í Gamla testamentinu, nema þá í apókrýfritum eins og Enoksbók. Hvað varðar hið illa er Jahveh trúin ekki hliðholl þúkum og djöflum. Þeirra skilningur er hins vegar sá að allt, bæði hið illa og hið góða, komi frá Jahveh. Það vekur trú Jahveh manna á falli englanna og Satan sjálfum. Hið illa er til, það hefur Jahveh fyrir löngu gert þeim ljóst.⁴⁸ Tvíhyggjan er mjög áberandi sterk í gyðinglegri trú. Hún boðar að menn eigi að passa vel upp á að haldast hreinir af kærleika og hleypa ekki hinu illa inn í sig.⁴⁹

⁴⁸ Ringgren. 1969. S.103.

⁴⁹ Margolies. 1994. S.85.

4. Saga englafræðinnar í Gamla testamentinu

Englar koma ekki aðeins fyrir í ritum gyðing-kristninnar heldur eru þeir víða í öðrum trúarbrögðum. Í sumum trúarbrögðum eru englar tilbeðnir og jafnvel litið á þá sem heilagar verur. Gyðingdómur varð til og þróaðist þar sem mörg önnur trúarbrögð voru stunduð á nágrannasvæðum forn Hebraea. Englafræði Gamla testamentisins er alls ekki einstök. Hún á rætur að rekja til fornra átrúnaða nágrannaþjóða forn Hebraea á Austurlöndum nær. Englar Jahveh manna eru í raun flóknar verur hvað varðar uppruna og áhrif. Hugmyndin um engla kom í Jahveh átrúnaðinn eftir að hafa lifað lengi á meðal annarra trúarbragða og hefða. Það er margt við engla Gamla testamentisins sem er mjög skylt guðlegum verum nágrannaþjóða Ísraelsmanna. Til dæmis er Hetíta guð *Hasamilis* í mannsmynd eins og englarnir í Gamla testamentinu. Englar sem sendiboðar eiga sér meðal annars hliðstæðu í hinum egypska Thoth sem er sendiboði og fylgdist með öllu sem gerðist á jörðu. Hann var alls ekki ókunnur Ísraelsmönnum svo það er líklegt að englarnir þeirra hafi orðið fyrir áhrifum hans.⁵⁰

Því er oft haldið fram að þeir heiðnu guðir sem forn Hebrear þekktu hafi verið færðir í englabúning í átrúnaði Jahveh. Heiðnu guðirnir voru fjölmargir og höfðu hver sitt hlutverk. Ýmist til að huga að sérstökum þáttum í lífi manna eða þá að vera verndarar þjóða. Þessa eiginleika hlutu englar Jahveh líkt og Mikael sem var verndari Ísraelsþjóðar. Yehezkel Kaufmann kemur inn á þetta í bók sinni *The Religion of Israel* hann telur þetta afar sérstakt þar sem fá dæmi virðast vera um slíka þróun í sögu átrúnaðar. Heiðnir guðir hafa þá oftast þróast í guðalíki eða gerst þjóðhöfðingjar en umbreyting í engla virðist vera einstök á meðal forn Hebraea. Vissulega áttu guðir heiðinna átrúnaða þjóna og sendiboða en þeir voru hvorki englar né himneskir. En Kaufmann tekur fram að ef þessi þróun hafi átt sér stað virðast englar Jahveh hafa losað sig við flesta eiginleika goðafræðinnar. Einir helstu eiginleikar goðafræðinnar eru kynskiptir og aðgreindir guðir með sér hlutverk og

⁵⁰ Buttrick o.a. 1962(1). S.130.

eiginleika. Fyrir tíma babýlónsku herleiðinguna voru englarnir einungis hópur sendiboða Jahveh, án nokkurra séreiginleika eða -hlutverka.⁵¹

Englafræði Ísraelsmanna þróaðist með tímanum eins og sést við lestur Gamla testamentisins. Fyrir og á konungatímanum var sá skilningur sterkur að Guð einn væri almáttugur. Enginn annar en Jahveh gat verið Guð. Eins og Helmer Ringgren tekur fram í riti sínu *Israelite Religion*, á þessi áhersla Ísraelsmanna sennilega rætur sínar að rekja til fjölgyðistrúar nágrannalanda þeirra sem einnig náði til þeirra heimalands.⁵² En næstir við hlið Drottins standa englarnir sem sinntu boðum hins Hæsta. Á konungatímanum er samfélagið mjög mótað af konunglegri menningu og að henni móta Ísraelsmenn því hugmynd sína af Guði. Þar sem Jahveh er æðsti konungur þeirra á hann að sjálfsögðu að eiga sína hirð. Hirð hans eru englarnir. Í konungdæminu situr Jahveh í hásæti sínu á meðan englarnir þjóna vilja hans.⁵³ Kerúbar og serafar eru undir miklum áhrifum frá trúarbrögðum nágrannaþjóða Ísraelsmanna. Þar var mikið um guði og aðrar tilbeðnar verur í dýralíki með mennsk andlit, líkt og kerúbar og serafar Ísraelsmanna.⁵⁴

Eftir herleiðinguna í Babýlon 586-538 f.kr. breyttist hugsunarháttur Ísraelsmanna hvað varðar engla. Englafræðin tók miklum breytingum. Eftir að hafa útilokað fjölgyðistrúna í kringum þá var engin leið fram hjá henni í dvöl þeirra í Babýlon. Þó ekki hafi annað komið til greina en að Jahveh einn væri Guð hleyptu þeir meira lífi í heilögu verurnar við hlið hans, englana. Eftir herleiðinguna jókst föðurlandsástin og sannfæringin um einstakleika hins almáttuga Jahveh. Jahveh var það heilagur að menn forðuðust meira að segja að nota nafn hans í virðingarskyni og notuðu önnur hugtök eins og *adónaj* í auknum mæli.⁵⁵ Hin himneska hirð Drottins færðist yfir á nýtt plan sem háþrúð kenning um engla.

⁵¹ Kaufmann. 1961. S.63.

⁵² Ringgren. 1969. S.95.

⁵³ Ringgren. 1969. S.95.

⁵⁴ Ringgren. 1969. S.101.

⁵⁵ Ringgren. 1969. S.309.

Þeir fengu nýjar lýsingar eins og heilagar, eilífar verur. Eins og áður eru þeirra helstu hlutverk að hlýða boðum Drottins, grípa inn í, boða góða og slæma hluti, að vernda mennina o.s.frv. Eftir herleiðingu bætist við annað hlutverk: Þeir taka á móti bænum manna og koma þeim áleiðis til Drottins.⁵⁶ Þetta er afar áhugavert því það stangast algjörlega á við þá almennu gyðing-kristnu trú að engir milliliðar séu á milli Guðs og manna. Þetta bendir til að Guð hafi orðið fjarlægari á tímabili í herleiðingunni. Hann var á tímabili ekki lengur þessi afar persónulegi Jahveh sem skipti sér af atburðum manna.⁵⁷ Við þessa þróun bætast tveir nafngreindir englar, *Mikael* og *Gabriel*.⁵⁸

Í ritum síðgyðingdóms eru ákveðnir englar nefndir með nafni þrátt fyrir að koma ekki allir fyrir í ritningunni. Þetta eru erkienglarnir með sérstök og aðgreind hlutverk. Samkvæmt rabbínum Gyðinga voru erkienglarnir sjö talsins.⁵⁹ Þar sem Mikael og Gabriel eru þeir einu sem eru nefndir í Gamla testamentinu verður aðeins fjallað um þá hér.⁶⁰

Mikael er verndarengill Ísraelsþjóðar og átti hann hug og hjörtu Ísraelsmanna. Þess má einnig geta að allar aðrar þjóðir áttu sinn eigin verndarengil.⁶¹ Hebreska nafnið Mikael þýðir „hver er líkur Guði.“⁶² Mikael var talinn æðstur erkienglanna. Hann var fremstur til að koma bænum manna áleiðis til Guðs. Hann svaraði þeim þó aldrei, það var aðeins hlutverk Guðs.⁶³ Mikael er jafnframt tákn hins góða. Það er sterkt í trú Gyðinga að innra með oss búi Mikael og Azazel. Azazel er talinn fremstur hinna illu afla. Mikael er prins ljóssins en Azazel prins myrkursins. Það er sterk skoðun Gyðinga að í okkur séu bæði góð og ill öfl.⁶⁴ Mikael er löggjafinn og með logandi sverð og lúður í hendi, greinilega

⁵⁶ Ringgren. 1969. S.311.

⁵⁷ Margolies. 1994. S.83.

⁵⁸ Ringgren. 1969. S.311.

⁵⁹ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.55.

⁶⁰ Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991. S.44.

⁶¹ Ringgren. 1969. S.311.

⁶² Margolies. 1994. S.82.

⁶³ Margolies. 1994. S.83.

⁶⁴ Margolies. 1994. S.85.

hernaðarengill. Hann er verndari sálanna og stendur í fremstu víglínu í baráttu gegn illum öflum. Hann á að hafa boðað komu Krists og dómsdag. Á efsta degi mun hann veða sálirnar. Metskálar eru því einnig tákn hans.⁶⁵ Segja má að Mikael sé erkiengill miskunnar og náðar. Aðeins hið góða býr innra með honum.⁶⁶

Gabríel er líkur manni og sagður ganga til Daníels í spádómsbók hans. Hebreska orðið Gabriel þýðir „maður Guðs.”⁶⁷ Hann er boðberinn sem boðaði Maríu fæðingu Krists. Hann er oft sýndur vængjalaus með táknin sín, kross eða lilju.⁶⁸ Gabríel er erkiengill hugrekkis. Það var Gabriel sem glímdi við Jakob til að blása honum kjark í brjóst til að hann gæti mætt sínum eigin bróður í bardaga. Gabriel taldi einnig kjark í Enok til að ganga með Guði í fyrstu Mósebók. Gabriel gengur með fólki í gegnum erfiðleika. Þegar menn ganga í gegnum óbærilega erfiðleika er það eins og þegar Jakob glímdi við Gabriel. Í erfiðleikum blæs Gabriel kjark í menn svo þeir bogni ekki heldur verði sterkari fyrir vikið.⁶⁹

⁶⁵ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.55.

⁶⁶ Margolies. 1994. S.90.

⁶⁷ Margolies. 1994. S.85.

⁶⁸ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.55.

⁶⁹ Margolies. 1994. S.90.

5. Heilög þrenning, draumar og synir Guðs

Englar birtast víða í Gamla testamentinu. Oftast er það í ákveðnum erindagjörðum og þá til að boða merkileg og stór tíðindi. Í átjándka kafla fyrstu Mósebókar er fjallað um heimsókn þriggja manna til Abrahams. Fyrst er sagt að Drottinn birtist honum en Abraham sér þrjá menn. Mennirnir eru englar Drottins en Abraham virðist ekki gera sér grein fyrir því til að byrja með. Það er ekki fyrr en englarnir þrír tilkynna Abraham og Söru konu hans að hún muni ala barn ári síðar. Hegðun hjónanna breytist í óttablandna lotningu. Það er merkilegt að hér virðast mennirnir þrír renna saman í einn, Drottin:

Einn þeirra sagði: „Það mun ekki bregðast að ég kem til þín um sama leyti að ári og mun þá Sara kona þín hafa eignast son.“

Þetta heyrði Sara sem stóð í tjalddyrunum að baki hans. Abraham og Sara voru orðin gömul og komin til ára sinna og kvenlegir eðlishættir horfnir Söru. Hún hló með sjálfri sér og hugsaði: „Skyldi ég njóta ásta sem orðin er útslitin og bóndi minn gamall?“

Drottinn sagði við Abraham: „Hví hló Sara og spurði: Hvernig má það vera að ég ali barn svo gömul? Er Drottin nokkuð ómáttugt? Ég mun koma til þín aftur á sama misseri að ári og Sara hefur þá eignast son.“(1Mós 18.10-13)

Þeir virtust vera mennskir og það er eins og Abraham tæki ekki eftir neinu himnesku í fari þeirra. Það var ekki fyrr en Guð sjálfur talaði í gegnum þá. Bill T. Arnold bendir þó á það í ritskýringarbók sinni *Genesis*, að í þriðja versu sama kafla, þegar Abraham yrðir fyrst á mennina segi hann: „Herra minn, hafi ég fundið náð fyrir augum þínum þá gakk ekki fram hjá þjóni þínum.“ Arnold heldur því fram að hér eigi Abraham við *Drottin minn* þegar hann segir *herra minn*. Þetta hafa Gyðingar á fyrri tímum túlkað svo að Abraham hafi í raun gert sér grein fyrir því að mennirnir væru guðlegir.⁷⁰

⁷⁰ Arnold. 2009. S.180.

Englarnir þrír hafa oft verið kallaðir hin heilaga þrenning Gamla testamentisins. James L. Kugel bendir á það í bók sinni að *In the Valley of Shadow* að englafrásagnir í Gamla testamentinu eru nær alltaf á þennan hátt, að sá sem mætir englunum virðist ekki gera sér fulla grein fyrir eðli þeirra til að byrja með. Svo tíðar eru slíkar frásagnir að varla telst það tilviljun. Það er því greinilega ætlunin að leggja áherslu á það að englar, að seröfum og kerúbum undanskildum, hafa mennskt útlit og eru því alls ekki jafnir Guði.⁷¹ Þeir sinna Guði og flytja mönnum erindi auk oft dulbúinna boðskapa:

Og hann dreymdi draum. Honum þótti stigi standa á jörðu og ná til himins og englar Guðs fóru upp og ofan eftir stiganum. Þá stóð Drottinn hjá honum og mælti: „Ég er Drottinn, Guð Abrahams, föður þíns, og Guð Ísaks. Það land, sem þú hvílist á, gef ég þér og niðjum þínum. Þeir munu verða fjölmennir sem duft jarðar og breiðast út til vesturs, til austurs, til norðurs og suðurs og allar ættkvíslir jarðarinnar munu blessun hljóta í niðjum þínum. Og sjá, ég er með þér og gæti þín hvar sem þú ferð og mun leiða þig aftur til þessa lands því að ég yfirgef þig ekki fyrr en ég hef komið því til leiðar sem ég hef heitið þér.“(1Mós 28.12-15)

Vegna deilna við tvíburabróður sinn Esau, sem spruttu upp af afbrýðisemi var Jakob sendur í útlegð.⁷² Þegar hann lagðist til hvíldar í óbyggðum birtust honum englar. Þeir færðust upp og niður stiga þegar Drottinn sjálfur talaði til Jakobs í gegnum þá.⁷³ Hinir fornu rabbínar, frá fyrstu árum eftir Krist, trúðu því að draumar væru endurspeglanir á þráhyggju mannsins, bæði meðvitaðri og ómeðvitaðri.⁷⁴ En á tímum Gamla testamentisins voru draumar oft taldir framtíðarspá auk þess að sýna mönnum inn í aðra heima. Stiginn kemur hvergi annars staðar fyrir í Biblíunni og hefur enga hliðstæðu í fornum semískum trúarbrögðum.⁷⁵

Það er athyglisvert að þegar englar birtast mönnum í Gamla testamentinu

⁷¹ Kugel. 2011. S.119.

⁷² Margolies. 1994. S.25.

⁷³ Margolies. 1994. S.26.

⁷⁴ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.29.

⁷⁵ Arnold. 2009. S.252.

er það oftast í draumum, þó það sé ekki endilega sagt beint frá því. En það er greinilegt í þessari frásögn af draumum Jakobs að englarnir virðast vera milliliðar tveggja heima: himins, hins ósýnilega og jarðar, hins sýnilega.⁷⁶

Meginpunktur draumsins er sá að englarnir fari ýmist upp eða niður stigann. Þar með segja þeir Jakobi að lífið fari alltaf á tvo vegu. Sigrarnir eru jafnmargir og ósigrarnir, hæðirnar jafnmargar og lægðirnar. Á þennan máta má líta á babýlónsku herleiðinguna. Herleiðingin var að vissu leyti ein leið heim. Ef þú trúir því að Guð komi til bjargar, þá gerir hann það. Og jafnvel þó þú rekist á neðsta þrep stigans ertu samt sem áður umkringdur englum Guðs.⁷⁷

Í bókinni *A Gathering of Angels* bendir Morris B. Margolies á hliðstæðan texta, Davíðssálm 91. Boðskapur hans er sá sami og boðskapur englanna í draumi Jakobs. Með Guði ertu aldrei einn og aldrei í hættu:

*Engin ógæfa hendir þig
og engin plága nálgast tjald þitt
því að þín vegna býður hann út englum sínum
til þess að gæta þín á öllum vegum þínum. (Sálm 91.10-11)*

Í fyrsta kafla Jobsbókar fær Jahveh heimsókn frá hinum svokölluðu *sonum Guðs* auk Satans:

Dag nokkurn bar svo til að synir Guðs komu og gengu fyrir Drottin og var Satan á meðal þeirra. Drottinn spurði Satan: „Hvaðan kemur þú?“ Satan svaraði Drottni og sagði: „Ég hef verið á ferðalagi hingað og þangað um jörðina.“ (Job 1.6-7)

Bene ha elohim er hebreska heitið yfir syni Guðs. Þeir eru englar og hin himneska hirð Guðs. Himneska hirðin hefur sömu eiginleika og engill Jahveh en eru ýmist kallaðir synir Guðs (1Mós 6.2 og Job 1.6, 38.7) eða hin himneska hirð, hinir

⁷⁶ Karl Sigurbjörnsson. 1995. S.29.

⁷⁷ Margolies. 1994. S.26

heilögu (Job 15.15).⁷⁸ Í þessum texta Jobsbókar komu synir Guðs og gengu fyrir Drottin sem boðberar. Þeir gáfu honum skýrslu um það hvernig þeir höfðu uppfyllt verkefni sín á jörðu og tóku við nýjum fyrirmælum. Hin himneska hirð umkringir Jahveh eins og konungur er umkringdur hirð sinni. Þegar hin himneska hirð mætir honum þennan dag til að sinna skyldu sinni kynnir hún sig fyrir Jahveh eins og konungleg hirð kynnir sig fyrir konungi sínum.⁷⁹ Það er aldrei efast um það í Gamla testamentinu að englarnir séu undirgefni Guði og einungis til að þjóna honum. Það sést vel í þessum texta, hvernig hin himneska hirð kemur til Guðs í þessum ákveðnu erindagjörðum.⁸⁰

Í 38. kafla segir Drottinn Job frá því þegar hann skapaði heiminn:

*þegar morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng
og allir synir Guðs fögnuðu?(Job 38.7)*

Allt í sköpuninni var úthugsað og Drottinn setti skipulega allt á sinn stað. Þar sem enginn maður hafði þá enn verið skapaður mun uppbygging heimsins ávallt vera honum leyndardómur. Það voru aðeins Guð og englarnir sem urðu vitni að sköpuninni og meðvitaðir um allt sem henni viðkemur.⁸¹ Þegar hornsteinn jarðarinnar var settur fögnuðu synir Guðs og lofuðu skaparann.⁸² Fyrir hvert stig sköpunarinnar brutust út fagnaðarlæti á meðal englanna, með hljóðfærum og lofsöng. *Morgunstjörnurnar* voru englakór sem lofaði Guð fyrir þessa fögru sköpun. Í þessum texta er gefið í skyn að englarnir og stjörnur himinins eru eitt.⁸³

Walther Eichrodt bendir á kenningar í riti sínu *Theology of the Old Testament (Volume Two)* sem fjalla um að í raun eigi að aðgreina *bene ha elohim* og *malakim*. Hið fyrra eru stjörnur sem forn Hebrear litu á sem lifandi verur í englalíki. Þetta eru áhrif frá nágrannþjóðum sem tilbáðu stjörnur, sólina og allt

⁷⁸ Buttrick o.a. 1962(1). S.130.

⁷⁹ Habel. 1985. S.89.

⁸⁰ Hartley. 1988. S.71.

⁸¹ Hartley. 1988. S.495.

⁸² Hartley. 1988. S.495.

⁸³ Habel. 1985. S.538.

sem er sjáanlegt á himnum. Malakim eru hinir raunverulegu englar Jahveh hefðarinnar eins og þeir birtast okkur almennt í Gamla testamentinu, himneskar verur í líki manna.⁸⁴ Hvað sem því líður eru morgunstjörnurnar falleg birtingarmynd englanna. Þær eru einstök frásögn og kalla fram hið himneska og framandi í eðli englanna.

Á nokkrum stöðum í Gamla testamentinu talar Guð í fleirtölu. Í sköpunarsögu P-ritsins í 1.Mósebók segir hann: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd”(1Mós 1.26). Þetta hefur valdið guðfræðingum miklum heilabrotum öldum saman. Í nútíma gagnrýnum biblíurannsóknum hafa menn túlkað textann á þann veg að átt sé við hina himnesku hirð, englana. Hermann Gunkel er sammála þeirri túlkun og fer eftir henni í skýringariti sínu við Genesis. Samkvæmt þeim skilningi koma englar við sögu þegar á fyrstu blaðsíðu Biblíunnar. Gunkel taldi að höfundur P-ritsins hafi fundist það guðlasti nær að maðurinn væri skapaður í mynd Jahveh. Því væri það ákjósanlegri möguleiki að hann væri skapaður í mynd englanna, hinnar himnesku hirðar. Auk þess notar P-ritið *elóhím* yfir Guð sem í eðli sínu er fleirtöluorð.⁸⁵ Bill T. Arnold og Hermann Gunkel benda báðir á það í skýringaritum sínum við Genesis að kirkjufedeðurnir hafi litið svo á að þegar Guð tali í fleirtölu væri verið að vísa í hina heilögu þrenningu Nýja testamentisins. Arnold telur líklegast að hér eigi Guð við hina himnesku hirð en kemur auk þess með annan möguleika. Hér hafi Guð komið til jarðar og verið með sköpun sinni þegar hann skapaði manninn. Þannig eigi hann við sjálfan sig og sköpun sína þegar hann talar í fleirtölu.⁸⁶

⁸⁴ Eichrodt. 1972(2). S.196.

⁸⁵ Gunkel. 1997. S. 112-113. Sjá einnig Westermann 1984 og Gunnlaugur A Jónsson. 1988.

⁸⁶ Arnold. 2009. S. 44.

6. Gyðingdómur um engla

Gyðingdómur byggir guðfræði sína á hebresku ritningunni, Gamla testamentinu. Eins og komið hefur fram eru englar algengar söguhetjur í Gamla testamentinu. Englar hljóta því að eiga einhvern stað í trú Gyðinga. Þar sem Gyðingdómur leggur mikla áherslu á eingyðistrú er merkilegt að sjá viðhorf hans til engla og hvort breyting hafi orðið á því frá tímum forn Hebrea.

Í gyðinglegum bókmenntum má sjá nokkra þróun í umfjöllun um engla. Fyrstu fimm aldirnar voru tímabil Talmudsins. Þá litu bænabækurnar *Siddur* og *Machzor* dagsins ljós.⁸⁷ Í *Siddur* eru leiðbeiningar fyrir daglegar bænir og bænir Sabbatsins. Þar er oft að finna aukaefni eins og vers úr Talmudnum og persónulegar bænir.⁸⁸ *Machzor* er bænabók hátíðarhalda. Þar eru taldir upp hátíðisdagar Gyðingdómsins auk þeirra bæna sem tilheyra hverri hátíð fyrir sig auk leiðbeininga.⁸⁹ Eftir tímabil Talmudsins, frá sjöttu til tólftu öld eftir Krist, kom fram töluvert magn af gyðinglegri, trúarlegri ljóðlist. Þeir sem eiga helsta heiðurinn af þessum bókmenntum eyddu lífstíð sinni í að semja ljóðlist í kringum Talmudinn. Þessir menn bættu englum inn í ljóðlist sína. Englarnir gegndu þar hlutverki sendiboða Guðs til að bjarga Ísraelsþjóð úr klóm illra þjóða.⁹⁰

Á miðöldum hófu menn að líta á engla sem sálarlegar verur án raunverulegs eðlis. Englafræði hefur í raun aldrei skipað stóran sess í Gyðingdómnum. Eingyðistrúin er svo sterk að trú á aðrar guðlegar verur á erfitt með að festa rætur. En þar sem englar eru svo oft nefndir í trúarritum Gyðinga setja þeir svip á trúarlíf og bænir.⁹¹

Bænir eru mikilvægar í trúarlífi Gyðinga. Þannig eru bænabækur eins og *Machzor* og *Siddur* sterk helgirit. Bæirnir eru aldrei ætlaðar englum. Eins og áður kom fram voru englar oft beðnir um að koma bænum áleiðis til Guðs. Í *Siddur* eru

⁸⁷ Margolies. 1994. S.221.

⁸⁸ De Lange. 2008. S.294.

⁸⁹ De Lange. 2008. S.191.

⁹⁰ Margolies. 1994. S.222.

⁹¹ De Lange. 2008. S.16.

skilaboðin þau að englar veiti Guði sínum stöðugt lotningu í lofsöngvum sem þeir syngja. Samkvæmt Siddur inniheldur hin daglega morgunbænastund þessa bæn úr níunda kafla Nehemíabókar⁹²:

*Þú ert Drottinn, þú einn.
Þú hefur gert himininn,
himin himinsins og allan hans her,
jörðina og allt sem á henni er,
höfin og allt sem í þeim er. Þú fyllir þau öll lífi
og himinsins her sýnir þér lotningu. (Nehemía 9.6)*

Hér hefur komið fram að það er stranglega bannað tilbiðja engla í Gyðingdómnum, þess er jafnvel getið í sjálfum bænunum. Í mikilvægri bæn Gyðinga, *Sh'ma*, er mikið fjallað um engla. Í þessari bæn er enn og aftur lögð áhersla á að englar séu ekki sjálfstæðar, himneskar verur sem eigi að tilbiðja.⁹³

Á miðöldum kom fram engillinn *Sandalfon*. Hann var sá engill sem tók mestan þátt í að koma bænum manna áleiðis til Guðs. Í skilningi flestra Gyðinga eru bænirnar sjálfar englar og Sandalfon aðeins myndlíking. Þegar einstaklingur biður bæn flýgur bænin með vængjum sínum úr hjarta hans og upp til Guðs. Boðskapur Gyðingdóms er að vísu sá að það þurfi engan millilið til að nálgast Guð.⁹⁴ Rabbíninn Morris B. Margolies skrifar í bók sinni *A Gathering of Angels* að í dag líti Gyðingar á engla frekar sem tákni til að skilgreina mannlegar upplifanir og tilfinningar í stað þess að vera eiginlegar himneskar verur.⁹⁵

Kabbalah er stefna í Gyðingdómnum sem varð til á 12. og 13. öld í Provence og Norður-Spáni en mótaðist endanlega á 16.öld. Kabbalah gerir greinarmun á Guði í eðli sínu og verkum. Maðurinn er ímynd hins almáttuga og með hugleiðingu og góðum verkum getur hann risið upp og haft áhrif á hinn almáttuga.⁹⁶ Kabbalah

⁹² Margolies. 1994. S.223.

⁹³ Margolies. 1994. S.224.

⁹⁴ Margolies. 1994. S.231.

⁹⁵ Margolies. 1994. S.233.

⁹⁶ De Lange. 2008. S.168.

talar um hina fjóru skipulögðu heima. Eftstur er heimur útstreymis frá himnum. Þar fyrir neðan er heimur sköpunarinnar. Neðst eru heimar myndunar og verka, okkar veröld.⁹⁷ Kabbalah er því nokkurs konar dulhyggjutrú innan Gyðingdómsins. Á 12. og 13. öld komu fram kabbalah bænir sem höfðu áhrif á englafræðina. Í þeim voru englar persónugerðir í auknu mæli. Englar eru til fyrir hvern þátt mannlegs lífs eins og til dæmis lækningar, ást, fyrirgefningu, hræðslu og meira að segja svefnleysi. Englafræði Kabbalah er í raun ekki byggð mikið á ritningunni sjálfri heldur hefðum og reynslu einstaklingsins.⁹⁸

Hasidim er stefna innan Gyðingdómsins sem einkennist af íhaldsömu og ströngu trúarlífi. Hasidim stefnan á uppruna sinn í Póllandi á 18. öld. Hasidim Gyðingar eru svo íhaldssamir að þeir halda sig nokkuð frá samfélaginu, eru einangraðir og klæða sig og jafnvel tala öðruvísi, eftir eigin hefð. Þeir hafa sterka trú á að endurkoma Messíasar sé í nánd. Mikilvægt trúarlegt atriði í hasidim er að við það að geta borið kennsl á þjáningu annarra og finna til með þeim er kærleikur.⁹⁹ Það að finna til með öðrum og vera þeim til staðar býr til engil. Fyrir hvert gott verk af fullum kærleika verður nýr engill til. Aftur á móti, fyrir hverja slæma breytni skapast vondur engill. Þetta samræmist skoðun rabbína Talmudsins enda eru hasidim Gyðingar þeim afar trúhollir. Rabbínarnir töldu einmitt að engla væri aðeins að finna í eiginleikum einstaklingsins. Morris B. Margolies vitnar í rabbínann af Kobrin sem túlkaði draum Jakobs á þann hátt að maðurinn er stiginn, staðsettur á jörðu sem nær upp til himna. Það fer síðan eftir gjörðum manna hvort englarnir fara upp eða niður.¹⁰⁰

Hasidim Gyðingar eru þekktir fyrir frásagnir sínar til útskýringa á trúarlegum atriðum. Ein slík frásögn er um það hvernig englar snerta líf manna jafnvel fyrir fæðingu. Þegar barn er í móðurkviði kemur til þess engill og kennir því alla þá speki sem fyrirfinnst í Talmudnum. En áður en það fæðist kemur annar engill og lætur það gleyma öllu því sem hinn engillinn kenndi því. Þetta virkar

⁹⁷ Margolies. 2008. S.234.

⁹⁸ Margolies. 1994. S.222.

⁹⁹ De Lange. 2008. S.54.

¹⁰⁰ Margolies. 1994. S.189.

nokkuð tilgangslaust. En kenningin sem liggur þar til grundvallar er sú að að seinni engillinn gefi barninu þann eiginleika að gleyma. Ef maðurinn gæti ekki gleymt væri líf hans fullt af stöðugum ótta um dauðann og aðra hluti sem erfitt er að sætta sig við. Fyrsti engillinn á að fá síðasta orðið og því er það verkefni í lífinu að endurheimta það sem einstaklingum var kennt í móðurkviði.¹⁰¹

Margir gyðinglegir rithöfundar hafa skrifað um hlutverk engla í Gyðingdómi 21.aldar. Adin Steinsaltz skrifaði á 9. áratugi 20. aldar *The Thirteen Petalled Rose*. Þetta er skýringarrit þar sem hann tekur saman hina fjóru heima Kabbalah. Innan þessara heima eru tveir hópar engla. Fyrst eru það englarnir sem voru skapaðir af Guði í upphafi og tóku beinan þátt sköpunarsögunni. Næst eru englar sem mennirnir skapa stöðugt úr hugsunum sínum og verkum.¹⁰² Hver einasta *mitzvah*, trúarverk, sem maðurinn framkvæmir hefur ekki aðeins áhrif á hinn veraldlega heim heldur einnig hinn andlega. Þessi andlegu áhrif eru meginatriðin sem mynda engil. En þetta getur einnig virkað í hina áttina og myndað illar andlegar verur eins og djöfla og púka.¹⁰³

Kærleikurinn er allt og það er einmitt kærleikurinn sem englarnir í Gyðingdómnum tákna. Viktor E. Frankl, geðlæknir af Gyðingatrú, skrifaði um það í stórkostlegu bók sinni *Leitin að tilgangi lífsins*; að „endurlausn mannsins fáist með kærleika og í kærleika.” Til að komast í gegnum þjáningar eigi að lifa í kærleika, hugsa um elskuna sína af fullri og einlægri ást. Frankl segir: „Í fyrsta skipti á ævinni skildi ég hvað átt er við með orðunum: Sælir eru englarnir sem eilíft horfa með elsku á óendanlega dýrð.”¹⁰⁴ Þetta er það sem Gyðingdómurinn boðar um engla. Þeir eru fyrst og fremst af því góða, þó með undantekningum hinna föllnu. Þeir koma frá Guði sjálfum, þeir eru hans fyrsta sköpun sem standa honum til hliðar. Þeir eru táknmynd ástarinnar, kærleikans innra með manninum.

¹⁰¹ Margolies. 1994. S.195.

¹⁰² Margolies. 1994. S.234.

¹⁰³ Margolies. 1994. S.235.

¹⁰⁴ Frankl. 1962. S.45.

7. Lokaorð

Englar mæta okkur víða í allri sinni himnesku dýrð í Gamla testamentinu. Þeir eru sýnileg tákn hins ósýnilega Guðs og birtast í ýmsum hlutverkum og birtingarmyndum: Andar, kerúbar, serafar, synir Guðs, himnesk hirð, morgunstjörnur og heita Mikael og Gabriel. Þeir standa næstir Guði og engin önnur sköpun stendur honum nærri. Meira að segja einu sérnöfn engla sem koma fyrir í Gamla testamentinu, Mikael og Gabriel, endurspeglar það með guðdómlegu endingu sinni –el (*Elohim, El*). Guð birtist mannum fyrst og fremst í orðinu en í Biblíunni eru englarnir tryggir sendiboðar hans og hjálpa þeim honum við að koma skilaboðum áleiðis til manna

Englar eru, að undanskildum seröfum og kerúbum, mennskir í útliti. En þrátt fyrir hið mennska útlit hafa þeir ekki hið jarðneska eðli mannsins. Þeir eru himneskir, standa næstir Guði og þjóna honum. Þetta himneska eðli er þó ekki alltaf sjáanlegt, svo yfirgnæfandi er hið mennska útlit þeirra. Vegna himneskrar veru englanna koma mennirnir fram við þá af einlægri virðingu og ótta. En englarnir eru samt sem áður ekki jafnir Guði. Þeir eru skapaðir af honum og jafnframt hans fyrsta sköpun. Þetta veitir þeim sérstöðu, það sem aðskilur þá frá mönnum. Þeir eru himneskar verur og hljóta þau forréttindi að hafa orðið vitni að sköpun heimsins og vita þar að leiðandi leyndardóma sem þar á baki liggja. Við sköpun heimsins stóðu þeir hjá Guði og fögnuðu hverjum áfanga með lofsöng og dýrð. Sköpunin er mönnum leyndardómsfull og eitthvað sem þeir munu aldrei öðlast skilning á. Þessi óvissa gerir þá að þeim mönnum sem Guð skapaði.

Hebreska hugtakið *malak* þýðir sendiboði en er notað yfir engla Jahveh. Hlutverk þeirra er eins og heitið gefur til kynna, að vera sendiboðar Guðs. *Malak Jahveh* er ein birtingarmynd engla þar sem Jahveh talar í gegnum þá og oft er erfitt að gera greinarmun á Jahveh og englunum, það er eins og englarnir hreinlega breytist í Jahveh. Tveir hópar engla sem skera sig hins vegar verulega frá englum Jahveh; *Serafa* og *kerúba* er lítið hægt að rugla saman við menn. Þeir eru að hluta mannlegir í útliti en einnig eru þeir dýrslegir með sex og fjóra vængi. Serafar og

kerúbar standa Guði afar nærri. Guð setti kerúba við Edengarðinn til að gæta hans og helsta hlutverk serafa er lofgjörðin frammi fyrir augliti Drottins.

Englar forn Hebrea eiga rætur að rekja til fornra átrúnaða nágrannaþjóða þeirra. Englafræði Ísraelsmanna þróaðist töluvert, fyrir babýlýlónsku herleiðinguna og eftir. Fyrir herleiðinguna var eingyðistrúin svo sterk og ekkert komst nálægt því að vera jafn almáttugt og Jahveh. Englarnir voru aðeins sendiboðar. Á konungatímanum breyttist menningin samkvæmt krúnunni. Jahveh var konungur himins og englarnir konungshirðar hans. Eftir herleiðinguna hafði englafræði Ísraelsmanna orðið fyrir töluverðum áhrifum frá Babýlóníu. Englarnir urðu aðgreindari og persónulegri. Mikael og Gabriel komu til sögunnar.

Ég valdi nokkra upphalds ritningastaði mína þar sem englar koma við sögu og fjallaði um þá. Hin heilaga þrenning Gamla testamentisins er merkileg þar sem hún er hluti einna af stærstum atburðum Gamla testamentisins. Englarnir þrír boða að hin aldraða eiginkona Jakobs ali honum barn ári seinna. Þarna kemur fram hlutverk engla að boða stóra og merkilega viðburði. Draumur Jakobs er ævintýrlegur og boðskapurinn þar góður og afar einkennandi fyrir Gyðingdóminn. Synir Guðs og morgunstjörnurnar í Job fönguðu sérstaklega athygli mína þegar ég kynnti mér umfjöllun engla í Gamla testamentinu. Það er skemmtilegt hvernig englarnir eru hafðir í nálægð við stjörnnar, en það undirstrikar himneskt eðli þeirra. „Þegar morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng og allir synir Guðs fögnuðu “(Job 38.7) er fallegt vers þar sem bæði sköpuninni og englum er gefinn dularfullur blær. Þessi ljóðlína er viðeigandi titill á ritgerð með himnesku umfjöllunarefni.

Gyðingdómur er heillandi og trú þeirra á englum er áhugaverð. Boðskapur Gyðingdómsins sem birtist í englafræðinni er fallegur. Englarnir leika hins vegar stórt hlutverk í Gamla testamentinu. Þá má undir engum kringumstæðum tilbiðja, þar sem Guð er einn og tilbeiðsla annara guða eða engla er guðlast. Englarnir tákna kærleika sem er það mikilvægasta sem maðurinn getur tileinkað sér. Kærleikurinn, eins og Viktor E. Frankl orðaði það, er einfaldlega allt. Hvert einasta trúarverk,

mitzvah, sem maðurinn framkvæmir hefur áhrif á hinn andlega heim. Þegar maðurinn breytir með kærleika í trú myndar hann engil. Þessi engill stendur hjá honum. Því fleiri kærleiksrík verk, þeim mun fleiri englar.

Gyðingdómur felur aftur á móti í sér töluverða tvíhyggju; til eru illir andar, púkar og vondir englar. Þessir vondu englar eru fallnir og hafa snúið baki við Guð. Fyrir hvert illindi sem maðurinn framkvæmir verður til nýr, fallinn engill. Maðurinn verður því að finna kærleikann innra með sér og losa sig við slæmar hugsanir og tilfinningar.

Hugmyndin um engla er falleg. Það er eitthvað við engla sem fyllir menn andargift og vekur forvitni. Það endurspeglast í vinsældum þeirra á öllum sviðum listar. Hins vegar er dregin upp mjög þróuð mynd af englum sem á ef til vill lítið skylt við engla Gamla testamentisins. Boðskapur englanna er þó alltaf í grundvallaratriðum sá sami: Til eru slæmir englar sem hafa snúist gegn Guði og vilja að hið slæma ríki í heiminum. Þessi lýsing á oftast við um hugarfar fólks þar sem hið illa getur tekið yfir góða hugarfarið. En svo eru ýmis trúarbrögð eða hópar sem trúa því að slæmir englar eins og Satan séu til í raunveruleikanum og jafnvel tilbiðja þá. Hins vegar eru það góðu englarnir sem fanga huga manna og hjarta. Þessir englar eru ímynd kærleikans og vilja öllum vel. Þeir geta verið verndarenglar þjóða eða einstaklinga. Hver einstaklingur getur átt sinn eða sína verndarengla sem geta verið látnir ættingjar eða aðrir ástvinir. Þessi mynd engla er dásamleg og dýrmæt hugsjón.

Þegar kom að því að velja B.A. ritgerðarefni voru englar alltaf í huga mér en við fyrstu tilhugsun virtust þeir of framandi. Ég hélt auk þess að þeir kæmu sáralítið fyrir í Biblíunni. En englar vöktu samt sem áður forvitni mína og voru ofarlega í huga mér. Því fór ég að kanna viðfangsefnið nánar. Mér til mikillar ánægju kom í ljós að þeir leika mikilvægt hlutverk í Biblíunni. Þeir koma samt sem áður meira fyrir í Nýja testamentinu en birtingarmynd þeirra og frásagnir virtust afar heillandi í Gamla testamentinu. Gamla testamentið hefur auk þess verið mér hjartfólgið frá því ég hóf nám í Guðfræðideild Háskóla Íslands. Ég takmarkaði því

rannsóknarefnið við engla í Gamla testamentinu. Rannsóknarvinnan var skemmtileg og það er gaman að vera fróðari um himneskar verur Gamla testamentisins. Eftir þennan tíma sem ég hef átt með englunum munu þeir eiga dýrmætan sess í huga mínum. Ég er alls ekki búin að segja skilið við þá og hlakka til að fræðast meira um engla í framtíðinni.

Heimildaskrá

- Arnold, Bill T. 2009. *Genesis*. Cambridge, Cambridge University Press. S. 44, 180, 252.
- Biblía, 2007. Reykjavík.
- Buttrick, George A., Heith R. Crim. 1962. *The Interpreter's Dictionary of the Bible Vol 1*. Nashville, Abingdon. S. 129-131.
- De Lange, Nicholas. 2008. *Penguin Dictionary of Judaism*. London, Penguin Reference Library. S. 16, 54, 168, 191, 294.
- Eichrodt, Walther. 1972. *Theology of the Old Testament*. London, SCM Press ltd. S. 196, 204-205.
- Einar Sigurbjörnsson. 1993. *Credo*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. S. 61.
- Frankl, Viktor E. 1962. *Leitin að tilgangi lífsins*. Reykjavík, Háskólaútgáfan. S. 45.
- Gunkel, Hermann. 1997. *Genesis*. Macon, Mercer University Press.
- Gunnlaugur A. Jónsson. 1998. *The Image of God: Genesis 1.26-28 in a Century of Old Testament Research*. Stockholm, Almqvist & Wiksell International.
- Habel, Norman C. 1985. *The Book of Job*. Philadelphia, The Westminster Press. S. 89, 538.
- Hartley, John E. 1988. *The Book of Job*. Grand Rapids, William B. Eerdmans Publishing Company. S. 71, 495.
- Íslensk Hómilíubók. 1993. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag. S. 107.
- Jacob, Edmond. 1958. *Theology of the Old Testament*. London, Hodder & Stoughton. S. 75-77.
- Jenni, Ernst, Claus Westermann. 1997. *Theological Lexicon of the Old Testament*. S. 670.
- Karl Sigurbjörnsson. 1995. *Bókin um englana*. Reykjavík, Skálholtsútgáfan. S. 13, 17, 25, 29, 35, 38, 46, 55.
- Kaufmann, Yehezkel. 1961. *The Religion of Israel*. London, George Allen & Unwin ltd. S. 63.
- Kugel, James L. 2011. *In the Valley of the Shadow*. New York, Free Press. S. 116, 119.
- Margolies, Morris B. 1994. *A Gathering of Angels*. New York, Ballantine Books. S. 18-19, 25-26, 82-83, 85, 90, 189, 195, 221-223, 234-235.
- Ringgren, Helmer. 1969. *Israelite Religion*. London, Rowman an Littlefield Publishers. S. 95, 101, 103, 309, 311.
- Ryken, Leland, James C. Wilhoit, Tremper Longman III. 1993. *Dictionary of Biblical Imaginery*. Downers Grove, Inter Varsity Press. S. 23.

Sálmabókin. 1997. Reykjavík, Skálholtsútgáfan. Sálmar 238, 465.

Van Gemeren, Willem A. 1996. *New International Dictionary of the Old Testament Vol 2*. Carlisle, Paternoster Publishing. S. 942.

Westermann, Claus. 1984. *Genesis 1-11. A Commentary*. Minneapolis, Augsburg Publishing House.

Þórir Jökull Þorsteinsson. 1991: „Englar.” Orðið. 1.tbl. 25. árgangur. Reykjavík. S. 43-44.